

## *Mat á frammistöðu*

Við lok þessara annar er uppgjör á vinnu nemenda á önninni. Við leggjum áherslu á að meta frammistöðu og framfarir hvers nemenda. Matið tekur tillit til getu hvers og eins og eru í samræmi við markmið skólans. Í skólanámskránni okkar koma fram skilgreiningar á þeim þáttum sem við leggjum til grundvallar við matið. Þeir eru eftirfarandi:

### **Sjálfstæði og ábyrgð**

Nemandi:

- ✓ Sýnir áhuga og tekur frumkvæði.
- ✓ Vinnur sjálfstætt.
- ✓ Tekur ábyrgð á námi sínu.
- ✓ Vinnubrögð.

### **Virðing og samhugur**

Nemandi:

- ✓ Ber virðingu fyrir umhverfi sínu.
- ✓ Sýnir samstarfshæfni / ber virðingu fyrir:
  - ✓ Skólafélögum.
  - ✓ Kennurum.

Nemendur í 3. – 10. bekk eru virkir í matinu og meta sig sjálfir í hverjum þætti þess. Það er ósk okkar að nemendur gangi frá **sjálfsmatinu heima með aðstoð foreldra** og verði búnir að því fyrir **föstudaginn 15. febrúar**.

Í þessari fréttatilkynningu eru eyðublöð sem auðvelda nemendum og foreldrum að ganga frá matinu.

Ef foreldrar lenda í vandræðum og þurfa aðstoð við innskráningu eða matið sjálft geta þeir haft samband við Hilmar aðstoðarskólastjóra á netfanginu [hilmara@grunnborg.is](mailto:hilmara@grunnborg.is) eða í síma 4371208.

Þeir sem hafa glatað lykilorðinu sínu geta nálgast nýtt inn á [mentor.is](http://mentor.is).

## Frammistöðumarkmið

	✓	○	✗
	Hefur náð tókum á settu markmiði	Þarf að vinna betur að settu markmiði	Hefur ekki náð settu markmiði
<b>Sjálfstæði og ábyrgð</b>			
-Sýnir áhuga og frumkvæði	Sýnir áhuga, kemur sér af stað í vinnu og er virkur í tímum	Þarf að sýna meira frumkvæði og vinnusemi	Er oft áhugalaus og óvirkur í tímum
-Vinnur sjálfstætt	Vinnur sjálfstætt og kemur með eigin útfærslur verkefna	Þarf hvatningu til að ljúka verkefnum	Er ósjálfstæður í vinnubrögðum og kemur sjaldan með eigin útfærslu verkefna
-Tekur ábyrgð á námi sínu	Vinnur verkefni sín af dagnaði og þrautseigju	Tekur ekki fulla ábyrgð á námi sínu	Vandar ekki til verka og skortir úthald
-Vinnubrögð	Vandar frágang og skipulag verkefna	Þarf að vanda vinnubrögð og halda betur utan um verkefni sín.	Frágangur verkefna er ekki góður.
<b>Virðing og samhugur</b>			
-Virðing f. umhverfi	Gengur vel um, þ.m.t gögn og búnað skólans	Gengur yfirleitt vel um	Gengur illa um
-Samstarf(shæfni)/virðing f. skólafélögum og kennurum	Er kurteis og tillitssamur í samskiptum	Virðir ekki alltaf samskiptareglur.	Er ókurteis og tillitslaus í samskiptum

Opin spurning:

Samstarfshæfni/virðing f. starfsfólki, s.s. í frímínútum, mótuneyti og íþróttahúsi

Fyrir nemendur	Íslenska	Stærðfræði	Enska	Danska	Samfélagsfræði	Náttúrufræði	Íþróttir	List, og verkgerðir											
<b>Sjálfstæði og ábyrgð</b>																			
Sýnir áhuga og frumkvæði																			
Vinnur sjálfstætt																			
Tekur ábyrgð á námi sínu																			
Vinnubrögð																			
<b>Virðing og samhugur</b>																			
Virðing f. umhverfi																			
Samstarfshæfni/virðing f. skólaf.																			
Samstarfshæfni/virðing f. kennurum																			

Frammistöðumarkmið	✓	○	✗
	Hefur náð tókum á settum markmiðum	Farf að vinna betur á settum markmiðum	Hefur ekki náð settum markmiðum